



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

**Sendandi:** Embætti borgarlögmans

---

### Flutningur höggmynda og sæmdarréttur

Í þessu minnisblaði eru dregin saman þau megin sjónarmið sem gilda um heimild Reykjavíkurborgar til að taka listaverk sem eru í hennar umsjá úr birtingu og færa í geymslu og hvort slíkt geti falið í sér brot gegn sæmdarrétti höfundar viðkomandi listaverka.

Um sæmdarrétt höfundar er fjallað í 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972 en í honum felst rétturinn til að verk sé eignað höfundi sínum, rétturinn til að ráða því hvenær opinber birting fer fyrst fram og rétturinn til að varna því að verk sæti ótilhlýðilegri eða ósæmilegri meðferð. Í 2. mgr. 4. gr. höfundalaga segir að óheimilt sé að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Eins og gert er grein fyrir í greinargerð með frumvarpi því sem varð að núgildandi höfundalögum þá hefur það hvað teljist óheimil breyting verið talið stýrast af svipuðum sjónarmiðum og eiga við um ærumeiðingar almennt auk sjónarmiða um hvort breytingin dragi úr listgildi verksins. Þannig hefur til dæmis verið talið að ekki megi breyta verki þannig að það hljóti andstæða merkingu, t.d. á þann veg að harmleikur verði gamanleikrit. Mat á slíku mun þó ávallt ráðast af atvikum hverju sinni. Því til viðbótar kemur fram í greinargerðinni að ekki megi gera breytingu sem er til þess fallin að skerða höfundarsérkenni, bæði hvað varðar form verks og efni og er óháð því hvort breytingin yrði almennt talin vansæmandi.

Í sömu greinargerð kemur einnig fram að þó verki sé ekki breytt geti verið takmarkanir á birtingu þess. Til að mynda megi ekki birta verk með þeim hætti eða í því samhengi að höfundi verði til vansæmdar. Má sem dæmi um slíkt nefna ef listaverki væri valinn staður sem telja mætti óvirðulegan. Birting í þessum skilningi er skv. 1. mgr. 3. gr. þegar verk hefur löglega verið gert almenningi aðgengilegt, t.d. sýnt opinberlega, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 2. gr. höfundalaga.

Að verk sé fært í heild sinni felur ekki í sér breytingu á verkinu. Færsla verks í lokaða geymslu leiðir til þess að umrætt verk telst ekki birt lengur þar sem það er ekki aðgengilegt almenningi. Í slíkum tilfellum er því ekki um að ræða birtingu sem getur skert höfundarheiður eða höfundarsérkenni skv. 1. mgr. 3. gr.

Af framangreindu leiðir að ef birtingu listaverks er breytt með þeim hætti að verkið er í heild sinni fært og því fundinn nýr, sæmandi, staður eða það tekið úr birtingu, til dæmis með því að setja það í geymslu, er ekki brotið gegn sæmdarrétti höfundar.

### Vegna styttunnar séra Friðrik og drengurinn

Upp hafa komið hugmyndir um að taka styttuna séra Friðrik og drengurinn, sem hefur verið í umsjá Reykjavíkurborgar og stendur nú á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu, úr birtingu og setja hana í geymslu. Hefur safnstjóri Listasafns Reykjavíkur lýst fyrirætlunum með þeim hætti að komi til þess að verkið verði tekið niður verði gætt varúðar og gengið frá verkinu við ákjósanlegar aðstæður í listaverkageymslum Listasafns Reykjavíkur.



Í samræmi við umfjöllun þessa minnisblaðs verður það ekki talið fela í sér brot gegn sæmdarrétti höfundar verksins að taka það úr birtingu með þeim hætti sem safnstjórinn hefur lýst. Endanlegur geymslustaður verksins verður þó að ráðast af eignarheimildum yfir því. Samkvæmt upplýsingum frá safnstjóra Listasafns Reykjavíkur hefur verkið verið talið í eigu Reykjavíkurborgar frá því að það var sett upp. Ekki hafa þó fundist skriflegar eignarheimildir yfir verkinu. Geri ekki aðrir tilkall til verksins er því ekkert sem girðir fyrir að Reykjavíkurborg færi verkið í eigin geymslu með framangreindum hætti.

Jón Pétur Skúlason lögmaður